ÁHERSLUVERKEFNI

NORÐURLAND VESTRA 2020 - 2021

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál
27. febrúar 2020

Heiti verkefnisins	Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra - 202001
Markmið	Efling fjárfestinga á Norðurlandi vestra og fjölgun starfa.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ráðinn verður verkefnisstjóri sem hefur það hlutverk að vinna að því að laða fjárfestingar inn í landshlutann með það fyrir augum að fjölga atvinnutækifærum og auka fjölbreytni starfa.
Framkvæmdaaðili	SSNV
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sveitarfélögin á starfssvæðinu sem og fyrirtæki og stofnanir.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er að fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, s.s. í ferðaþjónustu, nýsköpun, vöruþróun, landbúnaði og sjávarútvegi. Verkefnið samræmist þessari áherslu og er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem miða að fjölgun sprotafyrirtækja, fjölgun atvinnutækifæra, hækkunar meðallauna sem og fjölgunar íbúa (bls. 11).
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi nýrra fjárfestinga í atvinnuuppbyggingu í landshlutanum með beinni aðkomu verkefnisstjóra og annarra starfsmanna samtakanna.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Á verkefnistímanum verður framgangur vinnunnar skráður og í lokin tekin saman stöðuskýrsla um árangur verkefnisins til að hægt verði að leggja mat á fýsileika þess að framlengja verkefnið. Ávinningur samfélagsins er fyrst og fremst fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifæri ef verkefnið gengur að óskum.
Upphaf og lok verkefnis	1. janúar 2020 – 31. desember 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Á árinu 2020: 19.000.000 Á árinu 2021: 20.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	2.467.600
Mótframlag (ef við á)	ANR skv. samningi samtals á samningstímanum: 21.332.400 Framlag sveitarfélaga á samningstímanum: 15.200.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við byggðaáætlun 2018-2024 m.a. þar sem segir í kaflanum um framtíðarsýn og viðfangsefni: *Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.*

Heiti verkefnisins	Matvælasvæðið Norðurland vestra - 202002
Markmið	Að stuðla að aukinni fullvinnslu afurða á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Áfram verður haldið að auka þekkingu bænda á heimavinnslu afurða, vöruþróun, markaðssetningu og sölu afurða með námskeiðum og annarskonar aðstoð við framangreinda þætti.
Framkvæmdaaðili	SSNV, Farskóli Norðurlands vestra, Vörusmiðjan Skagaströnd.
Samstarfsaðilar	Félög sauðfjárbænda á Norðurlandi vestra, Matarauður Íslands.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er fullvinnsla afurða. Einnig er þar lögð áhersla á að fjölga vaxtarbroddum og styrkja grunnstoðir í atvinnulífinu, þm.t. landbúnaði og sjávarútvegi (bls. 11). Verkefnið samræmist þessari áherslu og er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem miða að fjölgun sprotafyrirtækja, fjölgun atvinnutækifæra, hækkunar meðallauna sem og fjölgunar íbúa.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi þátttakenda á þeim námskeiðum sem boðið er upp á. Fjöldi þeirra býla sem hefur framleiðslu á vörum úr eigin hráefni. Aukin sala á afurðum beint frá býli.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Samantekt um verkefnið í skýrsluformi.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Á árinu 2020: 4.500.000 Á árinu 2021: 4.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Á árinu 2020: 4.500.000 Á árinu 2021: 4.000.000
Mótframlag (ef við á)	Þátttakendur á námskeiðum greiða lágmarkskostnað við þátttöku.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við Byggðaáætlun 2018-2024. Í kafla 2 um markmið áherslur og mælikvarða þar sem segir m.a. að markmið stjórnvalda séu *að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.* Einnig í sama kafla (lið B.k.) þar sem segir: *Stuðlað verði að aukinni fullvinnslu afurða í héraði.* Einnig eru sterk tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis þar sem segir í kaflanum um landbúnað: *Lögð verður áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi.*

Heiti verkefnisins	Nýting glatvarma - 202003
Markmið	Að greina tækifæri til nýtingar glatvarma í landshlutanum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Gerð verði úttekt á mögulegum leiðum til nýtingar glatvarma á Norðurlandi vestra með það fyrir augum að skapa tækifæri til nýsköpunar og fjölgunar atvinnutækifæra.
Framkvæmdaaðili	SSNV, verktaki sem fenginn verður til verksins.
Samstarfsaðilar	Orkustofnun, Gagnaverið Blönduósi, hitaveitur á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er að fjölga vaxtarbroddum og styrkja nýsköpun. Einnig er lögð á það áhersla í málaflokknum um umhverfismál að auka sjálfbærni og nýtingu (bls. 25). Verkefnið samræmist þessum áherslum og er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem miða að fjölgun sprotafyrirtækja, fjölgun atvinnutækifæra, hækkunar meðallauna sem og fjölgunar íbúa.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi tækifæra sem fram koma á nýtingu glatvarma í landshlutanum.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Skýrsla þar sem fram koma mögulegar leiðir til nýtingar glatvarma í landshlutanum sem og þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að hrinda þeim í framkvæmd.
Upphaf og lok verkefnis	1. maí 2020 – 31. desember 2020
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	3.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	3.000.000
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf þar sem segir í kaflanum um umhverfis- og auðlindamál: *Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð.* Bætt nýting orku getur jafnframt leitt til aukins orkuöryggis í takt við Byggðaáætlun 2018-2024 þar sem segir í verkefnismarkmiði B.2: *Að auka orkuöryggi […].*

Heiti verkefnisins	Aukin nýsköpun í kennslu – Fab Lab 202004
Markmið	Að stuðla að aukinni nýsköpun í kennslu.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Unnið verði með grunnskólum á starfssvæði samtakanna í því að auka nýtingu á Fab Lab aðstöðu á Sauðárkróki með það fyrir augum að auka nýsköpun í kennslu og bæta færni nemenda í nýtingu stafrænnar tækni.
Framkvæmdaaðili	Hátæknisetur Íslands ses.
Samstarfsaðilar	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, grunnskólar á Norðurlandi vestra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu landshlutans í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun segir: *Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins.* Með því að auka færni nemenda í nýtingu stafrænna leiða er unnið í takt við þá stefnu. Verkefnið tengist jafnframt beint stefnu málaflokksins Menntamál og lýðfræðileg þróun segir: *Stunduð verði markviss skólaþróun á öllum skólastigum og nýting upplýsingatækni í skólastarfi verði öðrum til fyrirmyndar.*
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Aukin nýting grunnskóla á starfssvæðinu á Fab Lab aðstöðu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins felst í aukinni starfrænni nemenda grunnskóla á starfssvæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Á árinu 2020: 17.040.000 Á árinu 2021: 17.040.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Á árinu 2020: 4.000.000 Á árinu 2021: 4.000.000
Mótframlag (ef við á)	Sveitarfélagið Skagafjörður, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra fjármagna einnig verkefnið.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við nýsköpunarstefnu Íslands þar sem segir í kaflanum um umgjörð: *Íslenskir frumkvöðlar og hugvitsfólk hafi aðgang að stafrænum smiðjum („Fab-labs“) og standi þeim til boða aðstaða til að smíða frumgerðir og gera tilraunir með framleiðsluhugmyndir. Slík aðstaða standi sem flestum landsmönnum til boða, óháð búsetu og þar séu til staðar hæfir leiðbeinendur.*

Heiti verkefnisins	Textíll á Húnavöllum - 202005
Markmið	Með verkefninu er stuðlað að aukinni kunnáttu og þekkingu á meðhöndlun íslensku ullarinnar. Jafnframt að auka fjölbreytni í atvinnutækifærum á Norðurlandi vestra, auka möguleika kvenna í dreifbýli til að skapa sér tekjur og þannig vinna gegn þeirri samfélagsþróun að þær flytji af svæðinu. Einnig felst í verkefninu það markmið að skapa grunn fyrir nýsköpun textíls á svæðinu og efla stafræna kunnáttu handverksfólks, hönnuða, textílkennara og áhugafólks um nýtingu íslensku ullarinnar.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Boðið verður upp á styttri námskeið og kennslu í textíl með nýtingu og sölu á vörum í huga, bæði fyrir heimafólk (einstaklinga eða hópa), sem og hópa hérlendis og erlendis frá. Þess á milli verður boðið upp á að leigja tæki til einstaklinga svo þeim gefst tækifæri til vöruþróunar og framleiðslu. Þörf er á að fjölga möguleikum textílkennara til endurmenntunar og ekki síst möguleikum að tengja saman hefðbundið handverk og stafræna tækni.
Framkvæmdaaðili	Textílmiðstöð Íslands, Húnavatnshreppur.
Samstarfsaðilar	Félög sauðfjárbænda á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun	Ein af megináherslum í Sóknaráætlun Norðurlands vestra í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er að fjölga vaxtarbroddum og styrkja nýsköpun. Þar er sömuleiðis rík áhersla lögð á fullvinnslu afurða (bls. 11) en verkefnið hefur skírskotun til þessara þátta. Jafnframt er í málaflokknum Menningarmál lögð áhersla á stuðning við menningartengda ferðaþjónustu, betri kynningar á menningararfi svæðisins sem og að hvetja til aukinnar sköpunar (bls. 19). Í málaflokknum Umhverfismál er ein af megin áherslunum að auka sjálfbærni og nýtingu. Í málaflokknum Menntamál og lýðfræðileg þróun er lögð áhersla á stuðning við listnám og skapandi greinar á svæðinu (bls. 32). Verkefnið er til þess fallið að mæta þeim markmiðum sóknaráætlunar sem lúta að fjölgun atvinnutækfæra, fjölda starfa í skapandi greinum og hlutfalli veltu skapandi greina í landshlutanum.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi starfa í skapandi greinum og hlutfall veltu skapandi greina í landshlutanum.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Ávinningur samfélagsins snýst fyrst og fremst um aukin og fjölbreyttari atvinnutækifæri kvenna í dreifbýli svæðisins, aukinnar nýtingar á því hráefni sem hér fellur til sem og aukinnar kynningar á ríkum textíl-menningararfi svæðisins.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Árið 2020: 20.000.000 Árið 2021: 20.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2020: 3.000.000 Árið 2021: 3.000.000

Mótframlag (ef við á)	Önnur framlög til verkefnisins koma frá Húnavatnshreppi og hugsanlega öðrum styrkjum.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við verkefnismarkmið Byggðaáætlunar 2018-2024 þar sem segir í kafla um tækifæri til atvinnu (2.B.) *Áfram verði unnið að því að efla skapandi greinar sem vaxandi atvinnuveg á Íslandi.* Og: *Ríki og sveitarfélög vinni að því að auka möguleika listamanna til búsetu um allt land og skapi skilyrði til atvinnustarfsemi á sviði lista á öllu landinu.*

Heiti verkefnisins	Smávirkjanir á Norðurlandi vestra - 202006
Markmið	Að gefa landeigendum tækifæri til að nýta landgæði betur og jafnframt stuðla að auknu raforkuframboði og raforkuöryggi á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Í byrjun árs 2018 var lokið við frumathugun á smávirkjanakostum á Norðurlandi vestra (áhersluverkefni 2017). Í framhaldi af því voru veittir styrkir til ítarlegri athugana á 8 smávirkjanakostum. Tveir þeirra kosta fengu svo í lok árs 2019 áframhaldandi styrk til áframhaldandi mælinga, frummats hönnunar og byggingarkostnaðar (áhersluverkefni 2018 og 2019). Á árinu 2020 verður ferlið endurtekið, auglýstir styrkir til ítarlegri athugana og á árinu 2021 aftur til áframhaldandi mælinga, frummats hönnunar og byggingarkostnaðar.
Framkvæmdaaðili	SSNV, verktaki.
Samstarfsaðilar	Landeigendur á Norðurlandi vestra, Orkustofnun.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu málaflokksins Atvinnuþróunar og nýsköpunar segir: *Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina* (bls. 11). Verkefnið er liður í að ná þessu markmiði. Einnig er í umfjöllun um málaflokkinn Umhverfismál lögð áhersla á sjálfbærni og nýtingu. Jafnframt er verkefnið til þess fallið að styrkja búsetu til sveita.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Fjöldi verkefna sem styrk hljóta.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Niðurstöður athugana verða birtar á heimasíðu SSNV. Hafa ber í huga að þó ekki verði úr virkjunum eru þær athuganir sem liggja fyrir alltaf nýtanlegar og þar sem möguleikar eru fyrir hendi á að koma upp smávirkjunum geta þær einar leitt til aukins verðmætis jarða.
Upphaf og lok verkefnis	1. mars 2020 – 31. desember 2021.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Árið 2020: 3.800.000 Árið 2021: 6.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2020: 3.000.000 Árið 2021: 3.000.000
Mótframlag (ef við á)	Styrkhafar leggja fram mótframlag.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf þar sem segir í kaflanum um umhverfis- og auðlindamál: *Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð.* Þar segir jafnframt í kaflanum um landbúnað að *Meginmarkmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær.* Í stjórnarsáttmálanum er einnig lögð áhersla á nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði til að stuðla að byggðafestu. Bætt nýting orku getur jafnframt leitt til aukins orkuöryggis í takt við Byggðaáætlun 2018-2024 þar sem segir í verkefnismarkmiði B.2: *Að auka orkuöryggi […].*

Heiti verkefnisins	Barnamenningarhátíð - 202007
Markmið	Að styrkja og efla barnamenningu á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ráðinn verði verkefnisstjóri sem hefur það verkefni að koma á fót barnamenningarhátíð á Norðurlandi vestra sem haldin verður með reglulegu millibili.
Framkvæmdaaðili	SSNV, verkefnisstjóri.
Samstarfsaðilar	Menningarfélög á starfssvæðinu, grunnskólar, tónlistarskólar, söfn og setur á starfssvæðinu, opinberir aðilar sem hafa með menningu barna að gera sem og önnur landshlutasamtök sem reynslu hafa af sambærilegum verkefnum.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu um málaflokkinn Menningarmál í Sóknaráætlun Norðurlands vestra er lögð áhersla á öflugt menningar- og listalíf og að það styðji við íbúaþróun á svæðinu. Megin áherslur sama málaflokks kveða á um að viðburðir og hátíðir skuli efldar, menningararf svæðisins skuli kynna betur sem og að hvetja eigi til aukinnar sköpunar í tónlist, sviðslistum og kvikmyndum. Barnamenning er hluti af þessum áherslum (bls. 19).
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Hátíðin verði haldin.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Verkefnisstjóri vinnur samantekt um verkefnið að hátíð lokinni sem verður svo nýtt til að taka ákvörðun um framtíð verkefnisins.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2020
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Erfitt að segja til um – hlutverk verkefnisstjóra að greina og afla fjár sem upp á vantar.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	2.000.000 (fyrst og fremst laun verkefnisstjóra)
Mótframlag (ef við á)	Sótt verður um styrki í Barnamenningarsjóð og aðra sjóði er tengjast menningu barna.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í Menningarstefnu Íslands er hvatt til virkrar þátttöku barna á þeirra forsendum í menningu og listum. Einnig er þar fjallað um mikilvægi þess að börn og ungmenni séu virkjuð sem þátttakendur í menningarlífi (bls. 31).

Heiti verkefnisins	Starfamessa - 202008
Markmið	Að kynna ungmennum á Norðurlandi vestra þau tækifæri til starfa sem bjóðast á svæðinu, hvetja þau þannig til áframhaldandi náms og auðvelda þeim ákvörðun um framtíðarstarfsvettvang.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Haldin verður starfamessa þar sem fulltrúar helstu atvinnugreina koma saman og kynna starfsemi sína og tækifæri til starfa að námi loknu. Sambærileg messa var haldin árið 2017 og mæltist vel fyrir.
Framkvæmdaaðili	SSNV, verkefnisstjóri.
Samstarfsaðilar	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, grunnskólar á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnumótun menntamála í Sóknaráætlun Norðurlands vestra er stefnt að því að hækka menntunarstig íbúa á svæðinu sem hefur verið með því lægsta á landinu. Góð kynning á starfamöguleikum með þessum hætti er leið til að hvetja ungt fólk til frekara náms og að snúa aftur heim að námi loknu.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Starfamessan verður haldin.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaskýrsla verkefnisstjóra um verkefnið. Ávinningur samfélagsins er sá að ungmenni á svæðinu verði betur meðvituð um tækifæri til starfa á svæðinu og eigi auðveldlega með að taka ákvörðun um áframhaldandi nám.
Upphaf og lok verkefnis	1. mars 2020 – 1. október 2020
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Árið 2020: 2.000.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2020: 2.000.000
Mótframlag (ef við á)	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra leggur til aðstöðu og fyrirtæki sem þátt taka í starfamessunni kosta sjálf sína þátttöku.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf er fjallað um að efla eigi iðnnám sem og verk- og starfsnám (bls. 8). Kynning af þessum toga getur opnað augu ungs fólks fyrir tækifærum til starfa við þær greinar.

Heiti verkefnisins	Skrifstofusetur - 202009
Markmið	Að styðja við stofnun skrifstofusetra (e. Coworking Space) á Norðurlandi vestra.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Skoðað verður hvaða leiðir best er að fara til að koma á fót skrifstofusetrum á Norðurlandi vestra. Farið verður í að finna hentuga aðstöðu, fá rekstraraðila að verkefninu og styðja við uppsetningu setranna.
Framkvæmdaaðili	SSNV, rekstraraðili/aðilar.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög, atvinnulífið á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun	Í stefnu landshlutans í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun segir: *Kröftug atvinnuþróun og nýsköpun er stunduð á Norðurlandi vestra sem styður við vöxt lykilatvinnugreina og laðar til sín menntað og hæft fólk á öllum sviðum atvinnulífsins.* Góð aðstaða sem hentar störfum án staðsetningar getur vel orðið til þess fallin að laða menntað og hæft fólk í fjölbreytt störf inn á svæðið. Þannig getur verkefnið einnig orðið til þess að markmið um fjölgun atvinnutækifæra náist, meðallaun hækki sem og hlutfall íbúa með menntun umfram háskólapróf. Einnig má vera að verkefnið geti stuðlað að fjölgun íbúa.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Skrifstofusetur verði opnuð á starfssvæðinu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Starfsemi skrifstofusetra mun verða gríðarlega mikilvæg fyrir samfélögin á Norðurlandi vestra, bæði til þess að þau geti verið í stakk búin til að taka á móti störfum án staðsetningar en einnig að skapa aðstöðu til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar.
Upphaf og lok verkefnis	1. apríl 2020 – 31. desember 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Árið 2020: 4.000.000 Árið 2021: 2.500.000
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2020: 2.600.000 Árið 2021: 2.000.000
Mótframlag (ef við á)	Gert er ráð fyrir stuðningi frá sveitarfélögum og/eða atvinnulífinu varðandi húsaleigu og/eða standsetningu á húsnæði. Óvíst hver sá kostnaður mun verða.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Rík tengsl við verkefnismarkmið Byggðaáætlunar 2018-2024 þar sem segir í kafla um tækifæri til atvinnu (2.B.): *Opinberum aðilum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar*. Og: *Metnir verði kostir þess að staðsetja nýja starfsemi á vegum ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.* Til að þessi markmið megi ná fram að ganga verður að vera til staðar aðstaða fyrir störfin. Er verkefninu ætlað að tryggja það.

Heiti verkefnisins	Stafræn borg - 202010
Markmið	Að nýta nýjustu upplýsingatækni við markaðssetningu hjá fyrirtækjum sem staðsett eru fjarri mörkuðum.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið snýst um að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum að nýta stafrænar lausnir til markaðssetningar, þ.e. sýndarveruleika (e. virtual reality) og aukinn veruleika (augmented reality) til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri. Fundnar verða lausnir sem miða að því að nýta nýjustu tækni til að sigrast á hindrunum vegna fjarlægðar og einangrunar og þar með auka möguleika fyrirtækja að taka sér stöðu á samkeppnismarkaði þrátt fyrir að „vera ekki á staðnum“. Unnið verður með 10 fyrirtækjum á Norðurlandi vestra og þau aðstoðuð við að vinna markaðsefni í takt við framangreint.
Framkvæmdaaðili	Údaras na Gaelechta á Norður Írlandi.
Samstarfsaðilar	Karelia Univeristy of Applied Science i Finnlandi, WestBIC á Norður Írlandi, Ulster University á Norður Írlandi, fyrirtæki á Norðurlandi vestra.
Tengsl við sóknaráætlun	Í málaflokknum Atvinnuþróun og nýsköpun er m.a. lögð áhersla á að hvetja til alþjóðlegs samstarfs, m.a. í gegnum erlend styrkjaverkefni (bls. 15). Einnig er lögð áhersla á að styðja við framþróun í núverandi atvinnugreinum (bls. 16). Í málaflokknum Menntamál og lýðfræðileg þróun er fjallað um að hvetja til alþjóðlegs samstarfs (bls. 35). Auk þess er verkefnið til þess fallið að markmið um fjölda atvinnutækifæra, meðallaun og fjölda íbúa nái fram að ganga.
Tengsl við heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	
Árangursmælikvarðar	Árangur þátttökufyrirtækja í markaðssetningu.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Stafrænt markaðsefni þátttökufyrirtækjanna.
Upphaf og lok verkefnis	Verkefnið hófst 2018 og lýkur 2021.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður við verkefnið er 200.000.000 og er framlag SSNV 9.000.000 á öllum verkefnistímanum.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Árið 2020: 1.500.000 Árið 2021: 1.600.000
Mótframlag (ef við á)	Verkefnið er NPA verkefni og er kostnaður umfram framlag SSNV og samstarfsaðila því greiddur af Norðurslóðaráætluninni.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Í Nýsköpunarstefnu Íslands er lögð áhersla á að alþjóðlegir markaðir standi íslensku efnahagslífi opnir (bls. 16). Verkefnið Digi2Market er í takt við þá áherslu þar sem markmið þess er að auka möguleika þeirra sem staðsettir eru fjarri mörkuðum til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri. Í Byggðaáætlun er sömuleiðis lögð áhersla á stafræna þróun, t.d. í verkefnismarkmiði B.13. Stafrænt forskot á landsbyggðinni en Digi2Market styður vel við þá áherslu.

Mælikvarðar árangurs Sóknaráætlunar SSNV 2020-2025

	Mælikvarði	Markmið fyrir 2025	Gögn
Atvinnuþróun og nýsköpun	Fjöldi gistinátta	Aukist um 20%	Hagstofa Íslands
	Fjöldi ferðamanna	Aukist um 30%	Ferðamálastofa
	Fjöldi ferðamanna utan háannar	Aukist um 35%	Ferðamálastofa
	Fjöldi sprotafyrirtækja	Aukist um 10 til ársins 2025	RSK
	Fjöldi atvinnutækifæra	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	RSK
	Meðallaun	Hækki í samræmi við landsmeðaltal	RSK - Byggðastofnun
Menningarmál	Fjöldi gesta sem sækja matarhátíðir	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	SSNV talning
	Fjöldi menningar- og listviðburða	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	SSNV talning
	Fjöldi starfa í skapandi greinum	Aukist 10%	RSK
	Hlutfall veltu skapandi greina í landshlutanum	Hækki um 10%	Fyrirtækjakönnun
Umhverfismál	Hlutfall úrgangs sem er urðaður	Í takt við opinber markmið	Stekkjarvík
	Hlutfall úrgangs sem er endurunninn	Í takt við opinber markmið	Stekkjarvík og sveitarfélög
	Kolefnisfótspor	Lækki um 5%	Greining á vegum SSNV
	Nýskráningar "grænna" bifreiða	Verði 50%	Hagstofa Íslands
Menntamál og lýðfræðileg þróun	Heilsársstörf við rannsóknir	Kannað í fyrsta sinn og svo sett markmið	RSK
	Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf	Hækki í 70%	Byggðastofnun / Hagstofa
	Alþjóðlegar styrkveitingar og samstarfsverkefni	A.m.k. 10 á tímabilinu	SSNV talning
	Fjöldi íbúa	Fjölgi í takt við landsmeðaltal	Hagstofa Íslands